NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Bolero



with people in mind

VIÐVÖRUN

Lestu ávallt þessar notkunarleiðbeiningar og fylgiskjöl áður en þú notar vöruna til að koma í veg fyrir líkamstjón.



Það er skylda að lesa notkunarleiðbeiningarnar

Stefna um hönnun og höfundarréttur
® og ™ eru vörumerki í eigu Arjo-fyrirtækjahópsins.
© Arjo 2019.
Þar eð stefna okkar er stöðugar umbætur áskiljum við okkur rétt til að breyta hönnun án fyrirvara.
Efni þessarar útgáfu má ekki afrita, hvorki í heilu lagi né að hluta til, án samþykkis Arjo.

Efnisyfirlit

Inngangur 4
Ætluð notkun 5
Öryggisleiðbeiningar 6
Undirbúningur 7
Tilgreining íhluta 8
Lýsing/virkni vöru 10
- Hleðslutæki 10
- Handvirk hækkun og lækkun 10
- Rafræn hækkun og lækkun 10
- Bak- og fótstuðningur 11
- Handföng 11
- Geymsla 12
- Stilling á lengd á sjúkrabörum 12
- Dýnur 12
- Öryggisbelti 13
- Hemlar 15
- Neyðarstöðvun 15
- Neyðarhækkun/-lækkun 15
- Baðvog (valfrjáls) 16
- Hliðarstuðningur (fylgihlutur) 16

Sjúklingurinn fluttur 17
- Úr rúmi 17
- Í rúm 19

Sjúklingurinn baðaður 20
Hreinsunar- og sótthreinsunarleiðbeiningar 21
Leiðbeiningar með rafhlöðu 24
Umhirða og fyrirbyggjandi viðhald 26
Að leysa vandamál 30
Tæknilegar upplýsingar 32
Mál 34
Merkimiðar 38
Listi yfir staðla og vottorð 39
Rafsegulsviðssamhæfi (EMC) 40
Varahlutir og fylgihlutir 42

Inngangur

Þakka þér fyrir að kaupa Arjo-búnað

Bolero® lyftubaðvagninn er hluti af vörulínu gæðavara sem eru sérhannaðar fyrir sjúkrahús, hjúkrunarheimili og aðra heilsugæslu.

Hafðu vinsamlegast samband við okkur ef spurningar vakna um notkun eða viðhald Arjo-búnaðar þíns.

Vinsamlegast lestu þessar *notkunarleiðbeiningar* vandlega!

Vinsamlegast lestu þessar *Notkunarleiðbeiningar (NLB)* í heild sinni fyrir notkun á *Bolero*-lyftubaðvagninum. Upplýsingarnar í þessum *NLB* ráða úrslitum um rétta notkun og viðhald tækjabúnaðarins, vernda vöruna og tryggja að búnaðurinn sinni sínu hlutverki samkvæmt þínum kröfum. Sumar upplýsingarnar í þessum *NLB* eru mikilvægar fyrir öryggi þitt og þarf að lesa og meðtaka til að koma í veg fyrir mögulegt líkamstjón.

Arjo mæla sterklega með og varar við því að einungis varahlutir sem eru hannaðir af Arjo, sem er ætlað ákveðið hlutverk, séu notaðir fyrir tæki og annan búnað sem er afgreiddur af Arjo, til að forðast að líkamstjón skapist vegna notkunar á óviðunandi varahlutum.

Óheimilaðar breytingar á Arjo-búnaði geta haft áhrif á öryggi búnaðarins. Arjo verður ekki gerður ábyrgur fyrir slysum, atvikum eða skorti á frammistöðu sem rekja má til óheimilaðra breytinga á vörum fyrirtækisins.

Alvarlegt tilvik

Ef alvarlegt atvik kemur upp í tengslum við þetta lækningatæki, sem hefur áhrif á notandann eða sjúklinginn, ætti notandi eða sjúklingur að tilkynna alvarlega atvikið til framleiðanda eða dreifingaraðila þess. Í Evrópusambandinu ætti notandi einnig að tilkynna alvarlega atvikið til lögbærra yfirvalda í því aðildarríki sem hann er staðsettur.

Þjónusta og aðstoð

Framkvæma þarf reglulega þjónustuskoðun á *Bolero* lyftubaðvagninum til að tryggja öryggi og rétt verklag við notkun vörunnar. Sjá kafla *Umhirða og fyrirbyggjandi viðhald á bls. 26*.

Ef þig vantar frekari upplýsingar, vinsamlegast hafðu samband við Arjo fyrir alhliða aðstoðar- og þjónustuáætlun til að hámarka öryggi, áreiðanleika og virði vörunnar til lengri tíma.

Hafðu samband við Arjo vegna varahluta. Upplýsingar um tengiliði eru á síðustu blaðsíðu þessara *NLB*.

Skilgreiningar í þessum *NLB*

VIÐVÖRUN

Merkir: Öryggisviðvörun. Misbrestur á því að skilja og hlýða þessari viðvörun getur valdið þér eða öðrum líkamstjóni.

VARÚÐ

Merkir: Misbrestur á að fylgja þessum leiðbeiningum getur valdið skemmdum á kerfinu eða búnaðinum að hluta til eða í heild.

ATH.

Merkir: Þetta eru mikilvægar upplýsingar fyrir rétta notkun þessa kerfis eða búnaðar.



Merkir: Nafn og heimilisfang framleiðanda



Merkir: Það er skylda að lesa notkunarleiðbeiningarnar.

Ætluð notkun

Nota skal þennan búnað í samræmi við þessar öryggisleiðbeiningar. Allir sem nota þennan tækjabúnað verða einnig að hafa lesið og meðtekið leiðbeiningarnar í þessum *Notkunarleiðbeiningum (NLB)*.

Ef það er eitthvað sem þú skilur ekki fyllilega skaltu hafa samband við Arjo-umboðsaðilann þinn.

Þessi tækjabúnaður er ætlaður til að lyfta og flytja fullorðna íbúa til og frá baðherbergi á sjúkraheimili og nota til að aðstoða við böðun.

Bolero skal notað af hæfum umönnunaraðilum með nægilega þekkingu á umönnun, daglegu verklagi og ferlum og í samræmi við leiðbeiningarnar í *Notkunarleiðbeiningum* (*NLB*).

Aðeins skal nota *Bolero* í þeim tilgangi sem er tilgreind í þessum *NLB*. Öll önnur notkun er bönnuð.

Mat á ástandi íbúa

Við ráðleggjum starfsstöðvum að koma á fót reglulegu og kerfisbundnu mati.

Umönnunaraðilar skulu meta hvern íbúa í samræmi við eftirfarandi viðmið fyrir notkun:

- Þyngd íbúa skal ekki fara yfir 136 kg (300 lbs).
- Íbúinn verður að geta skilið og brugðist við leiðbeiningum um að halda sig í öruggri liggjandi stöðu á sjúkrabörunum eða halda sig í slíkri stöðu vegna takmarkaðrar hreyfigetu.

Ef íbúinn fellur ekki undir þessi viðmið skal nota annan búnað eða kerfi.

Endingartími tækjabúnaðarins

Aðeins skal nota tækjabúnaðinn í þeim tilgangi sem er tiltekinn hér að ofan.

Endingartími þessa búnaðar er tíu (10) ár og þjónustutími öryggisbeltisins er tvö (2) ár. Það fer eftir geymslu rafhlöðunnar, tíðni notkunar og bili á milli hleðslu, en endingartími rafhlöðunnar er 2-5 ár.

Endingar- og þjónustutími er gefinn upp að því tilskildu að fyrirbyggjandi viðhaldi sé sinnt í samræmi við leiðbeiningarnar um umhirðu og viðhald í þessum *NLB*.

Eftir því hversu slit er mikið kann að þurfa að skipta um suma íhluti eins og snúningshjól og handstýringu á meðan á endingartíma tækisins stendur samkvæmt upplýsingum í þessum *NLB*.

Öryggisleiðbeiningar

VIÐVÖRUN

Til að lenda ekki í sjálfheldu, gættu þess að hafa hár sjúklingsins, hendur og fætur nálægt líkamanum og notaðu þartilgerð stuðningsgrip við hreyfingu.

VIÐVÖRUN

Til að forðast líkamstjón, skal tryggja að sjúklingur sé aldrei eftirlitslaus.

VIÐVÖRUN

Til að forðast sjálfheldu skal gæta þess að engin hindrun sé framundan.

VIÐVÖRUN

Til að forðast fall skal tryggja að sjúklingnum sé komið rétt fyrir í samræmi við þessar *NLB*.

VIÐVÖRUN

Til að forðast sprengingu eða eldsvoða, má aldrei nota tækjabúnaðinn í súrefnisríku umhverfi, nálægt hitagjafa eða eldfimum lofttegundum sem notaðar eru sem svæfingarlyf.

VIÐVÖRUN

Til að forða því að tækið velti og sjúklingurinn detti, ekki nota búnaðinn á gólfi með niðurföllum í vatnshalla, götum eða halla sem er meiri en 1:50 (1,15°).

VIÐVÖRUN

Til að forðast fall skal tryggja að sjúklingnum sé komið rétt fyrir og að öryggisbelti sé notað, fest og hert á réttan hátt.

VIÐVÖRUN

Til að hindra að sjúklingurinn falli skal passa að öryggisbeltin séu óskemmd. Ef þau eru skemmd skal EKKI nota öryggisbeltin heldur skipta þeim út fyrir ný fyrir notkun.


VIÐVÖRUN

Til að forðast fall við flutning sjúklings skal alltaf tryggja að bremsurnar séu læstar á öllum tækjum sem eru í notkun.

VIÐVÖRUN

Til að forðast fall skal tryggja að þyngd notanda sé minni en öruggt vinnuálag (SWL) fyrir allar vörur eða fylgihluti sem eru í notkun.

ATH.
Þegar Bolero-lyftubaðvagninum er komið fyrir skal ekki standa í vegi fyrir hreyfingum armhvílunnar. Óvænt hreyfing uppávið frá sjúklingi getur slasað umönnunaraðilann. Sjá skýringarmynd.



Undirbúningur

Aðgerðir fyrir fyrstu notkun
(9 skref)

1 Skoðaðu pakkann með tilliti til skemmda.

2 Umbúðirnar ætti að endurvinna eftir staðbundnum reglum.

3 Athugaðu hvort allir hlutar vörunnar hafi skilað sér. Berðu saman við vörulýsingu í þessum *NLB*. Ef hlut vantar eða er skemmdur - EKKI nota vöruna!


4 Útbúa skal þurrt svæði með góðri loftræstingu til geymslu á lyftunni.

5 Taktu upp hleðslutækið Sjá „*Hleðslutæki NLB*“.

6 Hlaða skal hverja rafhlöðu í 24 klst.

7 Sótthreinsaðu vöruna í samræmi við kafla *Hreinsunar- og sótthreinsunarleiðbeiningar á bls. 21* í þessum *NLB*.

8 Uppsetning á meðfylgjandi sparra.
Sparrinn sem er festur á *Bolero*-lyftubaðvagninn við afhendingu er aðlagaður að dýptinni á Arjo-baðkerjum.
Aðeins fyrir dýpri baðker: Til að ná meiri dýpt skal fjarlægja einn af tveimur áfestu spörrunum á *Bolero*-lyftubaðvagninum. Sjá skýringarmynd. Forðastu skemmdir á yfirborði baðkersins.



9 Veldu ákveðinn stað þar sem *NLB* skulu geymdar, aðgengilegar notendum öllum stundum.

ATH.
Ef spurningar vakna, vinsamlegast hafðu samband við næsta umboðsaðila Arjo um aðstoð og þjónustu. Númer tengiliða eru á síðustu blaðsíðu þessara NLB.

Aðgerðir fyrir hverja notkun
(4 skref)

1 Athugaðu að allir hlutar *Bolero* lyftubaðvagnsins séu á sínum stað. Berðu saman við kafla *Tilgreining íhluta á bls. 8*.


2 Ef hlut vantar eða er skemmdur - EKKI nota vöruna!

3 **VIÐVÖRUN**


Til að fyrirbyggja krossmengun skal alltaf fylgja leiðbeiningum um sótthreinsun í þessum *NLB*.

4 Tryggja skal að rafhlaðan sé fullhlaðin *(Bolero)*.

Áttir Bolero
Bolero-lyftubaðvagninn skal færður í rétta átt, þ.e. meðfram sjúkrabörunum, við flutning á sjúklingnum.



Áttirnar *hægri* eða *vinstri* í þessum *NLB* eru gefnar á eftirfarandi hátt.



Tilgreining íhluta

1 Sjúkrabörur og rammi í 3 hlutum 

2 Dýna í 3 hlutum

3 Koddi

4 Flutningshandfang

5 Fóthvíla

6 Læsing fyrir bakstuðning

7 Flutningshandfang

8 Handstýring (rafkerfi)

9 Handfang

10 Rafhlaða (rafkerfi)

11 Stólpi (rafkerfi)

12 Hemill á snúningshjól (öll fjögur snúningshjólin)

13 Lækkunarhnappur (vökvakerfi)

14 Handdæla til hækkunar (vökvakerfi)


15 Stólpi (vökvakerfi)

16 Hliðarstuðningur (fylgihlutur)

17 Öryggisbelti




Tegund B. Notaður hlutur: (þar með talið allir áfestir hlutir við sjúkrabörurnar og rammann) vernd fyrir raflosti í samræmi við EN 60601-1


4
5
6
7
8
9
10
11
6
5
4
12
13
14
15
16
17
3
2
1

Lýsing/virkni vöru

Mynd 1



Hleðslutæki


Sjá aðskildar NLB hleðslutækis.

Festu hleðslutækið við hentugan vegg og tengdu það við innstungu með jarðtengingu. **(Sjá mynd 1)**

Gerðarnr.:

NDA1200-EU,
NDA2200-GB,
NDA4200-US,
NDA6200-AU,
NDA8200-INT.


Mynd 2



Handvirk hækkun og lækkun


- Sjúkrabörurnar eru hækkaðar með handdælunni. Dældu jafnt, með öllu hreyfisviðinu. **(Sjá mynd 2)**

Mynd 3



- Sjúkrabörurnar eru lækkaðar með því að lækka hnappinn. **(Sjá mynd 3)**

Mynd 4




Rafræn hækkun og lækkun

Taktu handstýringuna úr haldaranum. **(Sjá mynd 4)**


- Til að lyfta *Bolero*-lyftubaðvagninum skal ýta á „uppörina“ á handstýringarhnappnum.
- Til að lækka *Bolero*-lyftubaðvagninum skal ýta á „niðurörina“.

Bak- og fótstuðningur

Mynd 1



Mynd 2




VIÐVÖRUN

Til að lenda ekki í sjálfheldu skaltu gæta þess að hafa hár sjúklingsins, hendur og fætur nálægt líkamanum og nota þartilgerð stuðningsgrip við hreyfingu.

- *Bolero*-lyftubaðvagninn er samhverfur svo að hægt er að nota annan hvorn endann sem bakstuðning, eftir því í hvaða átt höfuð sjúklingsins liggur. Til að breyta stefnu vagnsins skal einfaldlega færa koddann á hinn endann. **(Sjá mynd 1)**
- Losaðu eina af hespunum og lyftu hliðinni sem er valin sem bakstuðningur í ákjósanlegt horn. Gakktu úr skugga um að bakstuðningurinn sé fastur með því að athuga að höldugangverk bakstuðnings sé á sínum stað. **(Sjá mynd 2)**

Handföng

Mynd 3



VIÐVÖRUN


Til að lenda ekki í sjálfheldu skaltu gæta þess að hafa hár sjúklingsins, hendur og fætur nálægt líkamanum og nota þartilgerð stuðningsgrip við hreyfingu.

Bolero lyftubaðvagninn er með tvö samanbrjótanleg handföng sem staðalbúnað.

Við flutning og böðun:

- Lækkaðu handfangið sem er staðsett lengst frá mitti sjúklingsins. **(Sjá mynd 3)**


Mynd 1



Geymsla


- Þegar *Bolero*-lyftubaðvagninn er ekki í notkun skal geyma hann með bakstuðninginn og fóthvílunni **(A)** í efri stöðu. **(Sjá mynd 1)**

Mynd 2



- Lyftu bakstuðningnum og fóthvílunni. Athugaðu að hespurnar **(B)** séu á sínum stað og að stoðirnar séu læstar. **(Sjá mynd 2)**


Mynd 3



Stilling á lengd á sjúkrabörum

- Styttu sjúkrabörurnar.
  Losaðu höfuð-/fótstuðninginn **(A)** og skrúfurnar **(B)**. **(Sjá mynd 3)**
- Snúðu stoðunum um 180°.
  Festu höfuð-/fótstoðirnar og skrúfurnar. **(Sjá mynd 3)**

Mynd 4



Dýnur

Byrjaðu ávallt frá brúninni á hliðarröndinni til að festa/losa dýnuna. **(Sjá mynd 4)**

- Ísetning: Smelltu brúninni á hliðarröndinni utan um sjúkrabörurnar. Þrýstu lófanum og dragðu meðfram hliðarröndinni til að festa.
- Losun: Losaðu brúnina á hliðarröndinni. Togaðu og dragðu meðfram hliðarröndinni til að losa dýnuna.
- Miðhluti: Smelltu hliðarröndinni við hliðina stólpanum utan um sjúkrabörurnar. Teygðu á dýnunni og smelltu hinni hliðarröndinni utan um hina hliðina á sjúkrabörunum.
- Festu hliðarröndina fyrst utan um hlið sjúkrabaranna við hliðina á vökvakerfisstólpanum **(A)**. **(Sjá mynd 4)**
  Teygðu á dýnunni og festu hina hliðarröndina **(B)**. **(Sjá mynd 4)**
- Festu dýnuna með höldunum **(C)**. **(Sjá mynd 4)**
- Festu koddann með höldunum.


Öryggisbelti

Notaðu öryggisbeltið allan tímann.

VIÐVÖRUN

Til að hindra að sjúklingurinn falli skal passa að öryggisbeltin séu óskemmd. Ef þau eru skemmd skal EKKI nota öryggisbeltin heldur skipta þeim út fyrir ný fyrir notkun.

Mynd 1




VIÐVÖRUN

Til að forðast fall skal tryggja að sjúklingnum sé komið rétt fyrir og að öryggisbelti sé notað, fest og hert á réttan hátt.

Bolero-lyftubaðvagninn er með tvö öryggisbelti (öryggisbelti yfir brjóst og yfir mjaðmir) sem staðalbúnað. **(Sjá mynd 1)**


(7 skref)

Mynd 2




1 Festu öryggisbeltin áður en sjúklingurinn er settur í *Bolero*-lyftubaðvagninn. Settu öryggisbeltin á með því að setja kósann yfir hnúðinn. Öryggisbeltin eiga að vera ofan á dýnunni. **(Sjá mynd 2)**

Mynd 3



2 Settu sjúklinginn í *Bolero*-lyftubaðvagninn. Festu öryggisbeltin við hnúðana á hliðunum á sjúkrabörunum. **(Sjá mynd 3)**


Mynd 4



Stilltu öryggisbeltin


3 Dragðu klemmurnar **(A)** og **(B)** í sundur með því að snúa smærri klemmunni **(A)** eilítið upp á við.**(See Fig. 4)**

Mynd 5



4 Losaðu öryggisbeltið með því að toga í innri ólina á hliðinni **(A)** og lyfta um leið stærri klemmunni **(B)**. **(Sjá mynd 5)**


Mynd 6



5 Hertu öryggisbeltið með því að toga ytri ólina **(A)** á hliðinni og halda stærri klemmunni um leið **(B)**. **(Sjá mynd 6)**


6 Gakktu úr skugga um að öryggisbeltið sé tryggilega fest við líkama sjúklingsins.

Mynd 7



7 Læstu klemmunum með því að setja minni klemmuna **(A)** inn í minni klemmuna **(B)**. **(Sjá mynd 7)**

Mynd 1




Hemlar

Snúningshjólin munu hemla þegar stigið er niður á hemlastöng snúningshjólanna **(A)** með fætinum. **(Sjá mynd 1)**

Snúningshjólunum er sleppt með því að ýta hemlastöng snúningshjólanna **(B)** upp. (**Sjá mynd 1)**

Mynd 2



Neyðarstöðvun


Ef *Bolero*-lyftubaðvagninn svarar ekki stjórnhnöppunum af einhverjum ástæðum geturðu auðveldlega stöðvað hreyfingu lyftunnar með því að ýta á hnappinn á rafhlöðunni og aftengja hana. **(Sjá mynd 2)**

Hafðu samband við næsta Arjo-umboðsaðila áður en *Bolero*-lyftubaðvagninn er notaður aftur.

Neyðarhækkun/-lækkun

(5 skref)


Mynd 3



Ef *Bolero*-lyftubaðvagninn svarar ekki stjórnhnöppunum af einhverjum ástæðum, skal hækka eða lækka *Bolero*-lyftubaðvagninum með neyðarhækkun/-lækkun.

1 Taktu handstýringuna úr sambandi. **(Sjá mynd 3)**

Mynd 4



2 Stjórnaðu *Bolero*-lyftubaðvagninum með því að þrýsta oddlausum, mjóum hlut inn í götin í stjórnborðinu. (þ.e. penna). **(Sjá mynd 4)**

VARÚÐ

Notaðu ekki hlut með beittum enda til að ýta ofan í götin.


3 Ýttu niður í gatið við hliðina á **uppörinni** til að lyfta *Bolero*-lyftubaðvagninum.

4 Ýttu niður í gatið við hliðina á **niðurörinni** til að lækka *Bolero*-lyftubaðvagninn.

ATH.
Stöðugt hljóðmerki heyrist við aðgerðina **upp** og **niður**.

5 Hafðu samband við næsta umboðsaðila Arjo áður en þú endurnotar *Bolero* lyftubaðvagninn.

Mynd 1



Baðvog (valfrjáls)


Vogin er staðsett á grindinni. **(Sjá mynd 1)**
Sjá *NLB vogar.*

Hliðarstuðningur (fylgihlutur)

(6 skref)


Hægt er að útbúa *Bolero*-lyftubaðvagninn með samanbrjótanlegum hliðarstuðningi. Til að auðvelda notkun á hliðarstuðningi þarf að klippa á krók- og lykkjuólarnar á miðhluta dýnunnar.

Mynd 2




1 Þegar hliðarstuðningurinn er notaður er hann í læstri stöðu beint á móti stólpanum. **(Sjá mynd 2)**

Mynd 3




2 Þegar hliðarstuðningurinn er ekki í notkun er hann festur við festinguna fyrir neðan sjúkrabörurnar. Til að nota hliðarstuðninginn:
Losaðu hann úr læstri stöðu. **(Sjá mynd 3)**

Mynd 4




3 Brjóttu hliðarstuðninginn niður fyrir sjúkrabörurnar. **(Sjá mynd 4)**

Mynd 5



4 Festu hliðarstuðninginn á hina hlið *Bolero*-lyftubaðvagnsins með því að ýta honum þétta ofan í haldarann. **(Sjá mynd 5)**

Mynd 6



5 Til að brjóta hliðarstuðninginn aftur saman:
Gríptu um hliðarstuðninginn með annarri hönd. Með hinni höndinni: Losaðu hliðarstuðninginn úr læstri stöðu með því að toga haldarann í áttina að þér (sjá mynd). Brjóttu hann niður fyrir sjúkrabörurnar og festu hann við festinguna hinum megin á sjúkrabörunum. **(Sjá mynd 6)**

6 Gakktu ávallt úr skugga um að hliðarstuðningurinn sé tryggilega festur í báðar læstar stöður sínar.


Sjúklingurinn fluttur

Úr rúmi
(11 skref)

VIÐVÖRUN
Til að forðast sjálfheldu skal gæta þess að engin hindrun sé framundan.

VIÐVÖRUN
Til að forðast að fótleggir eða fætur sjúklinga eða umönnunaraðila klemmist skal tryggja að ekkert hindri hreyfingar þeirra.

Mynd 1




1 Veldu viðeigandi enda á *Bolero* lyftubaðvagninum til að þjóna sem bakstuðningur og festu koddann þar.

2 Festu öryggisbelti fyrir mjaðmir með hnúðnum og dragðu það í gegn svo að það sé ofan á sjúkrabörunum.

3 Veltu sjúklingnum yfir á hliðina.


Mynd 2



4 ### VIÐVÖRUN
Til að forðast fall við flutning sjúklings skal ávallt ganga úr skugga um að hemlarnir á búnaðinum sem tekur við sjúklingnum séu læstir.

Færðu *Bolero*-lyftubaðvagninn yfir rúmið eins nálægt sjúklingnum og hægt er og lækkaðu hann þannig að hann hvíli tryggilega á rúminu. **(Sjá mynd 1)**

Mynd 3




5 Læstu hemlunum á öllum snúningshjólunum. **(Sjá mynd 2)**

6 Veltu sjúklingnum yfir á sjúkrabörurnar. **(Sjá mynd 3)**

7 Lyftu bakstuðningnum í ákjósanlegt horn (með bakhluta rúmsins ef með þarf). Athugaðu að hespan sé á sínum stað og að bakstuðningurinn sé læstur. **(Sjá mynd 3)**

8 Festu öryggisbeltið yfir brjóstið. **(Sjá mynd 3)**

Mynd 4



9 Lyftu sjúkrabörunum svolítið, dragðu öryggisbeltið út og festu það yfir mjaðmir. Lækkaðu handfangið. **(Sjá mynd 4)**

Haltu áfram með skrefin á næstu síðu.

10

VIÐVÖRUN

Til að lenda ekki í sjálfheldu skaltu gæta þess að hafa hár sjúklingsins, hendur og fætur nálægt líkamanum og nota þartilgerð stuðningsgrip við hreyfingu.

Losaðu hemlana á snúningshjólunum og dragðu *Bolero*-lyftubaðvagninn út undan rúminu.

11

VIÐVÖRUN


Til að forða því að sjúklingurinn falli skal ávallt ganga úr skugga um að búnaðurinn sé í lægstu mögulegu stöðu áður en reynt er að flytja, klæða eða afklæða sjúklinginn.

VIÐVÖRUN

Til að forða því að tækið velti, skaltu EKKI hækka eða lækka annan búnað nálægt því og gættu að kyrrstæðum hlutum þegar þú lækkar.

Lækkaðu *Bolero*-lyftubaðvagninn í þægilega hæð og haltu í flutningshandföngin á meðan flutningi stendur.
(Sjá mynd 5)

Mynd 5



Í rúm

(7 skref)

VIÐVÖRUN

Til að forðast sjálfheldu skal gæta þess að engin hindrun sé framundan.


VIÐVÖRUN

Til að forðast fall við flutning sjúklings skal ávallt ganga úr skugga um að hemlarnir á búnaðinum sem tekur við sjúklingnum séu læstir.


VIÐVÖRUN

Til að forðast að fótleggir eða fætur sjúklinga eða umönnunaraðila klemmist skal tryggja að ekkert hindri hreyfingar þeirra.

Mynd 6



Mynd 7



1 Lyftu *Bolero*-lyftubaðvagninum í þá hæð að hægt sé að færa hann yfir rúmið.

2 Færðu *Bolero*-lyftubaðvagninn yfir rúmið.

3 Lækkaðu þannig að *Bolero*-lyftubaðvagninn hvíli tryggilega á rúminu. **(Sjá mynd 6)**

4 Læstu hemlunum á öllum snúningshjólunum. **(Sjá mynd 7)**

5 Losaðu öryggisbeltin.

6

VIÐVÖRUN


Til að forðast meiðsli skal tryggja að það sé umönnunaraðili og/eða hliðarslá uppi á rúminu við þá hlið sem sjúklingnum er velt á. Snúðu sjúklingnum EKKI ef viðkomandi er nærri brúninni á rúminu.

Veltu sjúklingnum af *Bolero*-lyftubaðvagninum og yfir á rúmið.


7 Losaðu hemlana á snúningshjólunum og dragðu *Bolero*-lyftubaðvagninn út undan rúminu.

Sjúklingurinn baðaður

Mynd 1




Mynd 2




Mynd 3



Mynd 4



Mynd 5



Lestu fyrst sérstakar leiðbeiningar fyrir baðkerfið. (9 skref)

ATH.
Lestu öryggisleiðbeiningar í þessum *NLB* fyrir böðun.

VIÐVÖRUN

Til að lenda ekki í sjálfheldu skaltu gæta þess að hafa hár sjúklingsins, hendur og fætur nálægt líkamanum og nota þartilgerð stuðningsgrip við hreyfingu.

VIÐVÖRUN

Til að forðast fall skal tryggja að sjúklingnum sé komið rétt fyrir í samræmi við þessar *NLB*.

1 Háttaðu sjúklinginn.

2 Lyftu *Bolero*-lyftubaðvagninum svo að hann fari yfir brúnina á baðkerinu og færðu sjúklinginn yfir baðkerið. **(Sjá mynd 1)**

3 Læstu hemlunum á öllum snúningshjólunum. **(Sjá mynd 2)**

4 Lyftu baðkerinu í þægilega hæð, ef baðkerið er stillanlegt.

5 Lækkaðu *Bolero*-lyftubaðvagninn þannig að hann hallist upp að botni baðkersins. **(Sjá mynd 3)**

6 Fjarlægðu öryggisbelti yfir brjóst og losaðu öryggisbelti yfir mjaðmir.

7 Baðaðu sjúklinginn.

8 Eftir böðun skal festa öryggisbeltin yfir bæði mjaðmir og brjóst. Lækkaðu baðkerið svo að *Bolero*-lyftubaðstóllinn sé yfir vatninu og gefðu sjúklingnum stutt steypibað. **(Sjá mynd 4)**

9 Breiddu yfir eða klæddu sjúklinginn eftir þurrkun til að halda á honum hita. Losaðu snúningshjólin og skilaðu sjúklingnum aftur í herbergi sitt í *Bolero*-lyftuvagninum. **(Sjá mynd 5)**

Hreinsunar- og sótthreinsunarleiðbeiningar

Einungis skal nota sótthreinsiefni með vörumerki Arjo.


Ef spurningar vakna um sótthreinsun á tækjabúnaðinum eða ef panta skal sótthreinsiefni skal hafa samband við viðskiptaþjónustu Arjo.

Eftirfarandi verkferli skal framkvæmt eftir hverja notkun og í lok hvers dags.

VIÐVÖRUN

Til að forðast augn- eða húðertingu skal aldrei sótthreinsa í viðurvist sjúklings.

VIÐVÖRUN



Til að forðast augnskaða og húðskemmdir, notaðu alltaf hlífðargleraugu og hlífðarhanska. Ef snerting á sér stað, skolaðu með miklu vatni. Ef augu eða húð ertast, ráðfærðu þig við lækni. Alltaf skal lesa öryggisblaðið fyrir sótthreinsiefnið.

VIÐVÖRUN

Til að fyrirbyggja krossmengun skal alltaf fylgja leiðbeiningum um sótthreinsun í þessum *Notkunarleiðbeiningum*.

VARÚÐ

Til að forðast skemmdir á búnaðinum, notaðu aðeins sæfingarefni merkt Arjo.

Aukahlutir til að sótthreinsa Bolero

- Hlífðarhanskar
- Hlífðargleraugu
- Úðabrúsi með sótthreinsiefni (hreinsiefni og sótthreinsiefni) eða sótthreinsibyssa með sótthreinsiefni (hreinsiefni og sótthreinsiefni).
- Úðabrúsi með vatni eða sturtuhandfang með vatni
- Klútar – blautir og þurrir
- Einnota handþurrkur
- Mjúkur hreinsibursti
- Mjúkur bursti með löngu handfangi


Alltaf skal fylgja eftirfarandi 15 skrefum fyrir hreinsun og sótthreinsun.

Sýnilegar leifar fjarlægðar
(skref 1-3 af 15)

1 Fjarlægðu dýnuna og öryggisbeltin og leggðu þau í botninn á baðkerinu.

2 Komdu *Bolero*-lyftubaðvagninum fyrir yfir baðkerinu og lækkaðu hann.

Mynd 1



3 Hreinsaðu:

- *Bolero*-lyftubaðvagninn (Byrjaðu efst og þrífðu niður á við)
- alla fjarlægða hluta

af sýnilegum leifum með rökum klút eða ef það hentar betur með því að úða/sprauta vatni og nota bursta og/eða strjúka með hreinum klút. **(Sjá mynd 1)**

Hreinsun
(skref 4-9 af 15)


4 Nota skal hlífðarhanska og gleraugu.

5 Úðaðu sótthreinsiefni á:

- *Bolero*-lyftubaðvagninn
- alla fjarlægða hluta

Notaðu bursta og skrúbbaðu vel, sérstaklega á handföngum og handstýringunni.

Mynd 2



6 Sprautaðu vatni (u.þ.b. 25 °C (77 °F)) eða úðaðu með nógu vatni og þurrkaðu af með hreinum klút til að fjarlægja allt sótthreinsiefni. **(Sjá mynd 2)**


7 Gegnvættu klút í sótthreinsiefni og þurrkaðu öll önnur svæði, eins og grindina.

8 Vættu nýjan klút í vatni og fjarlægðu allar leifar af sótthreinsiefni af öðrum svæðum. Af og til skal skola klútinn í rennandi vatni þegar sótthreinsiefni er fjarlægt.

9 Ef ekki er hægt að fjarlægja sótthreinsiefnið skal úða vatni á svæðið og strjúktu af því með einnota handþurrkum. Endurtaktu þangað til að allt sótthreinsiefnið hefur verið fjarlægt.

Haltu áfram með skrefin á næstu síðu.

Mynd 3



Sótthreinsun
(skref 10-15 af 15)

10 Úðaðu sótthreinsiefni á:

- *Bolero*-lyftubaðvagninn
- alla fjarlægða hluta

11 Gegnvættu klút í sótthreinsiefni og þurrkaðu öll önnur svæði, eins og grindina.

12 Leyfðu hinu sótthreinsandi efni að vinna eins lengi og leiðbeiningar á umbúðum segja til um.

13 Úðaðu eða sprautaðu vatni (u.þ.b. 25 °C (77 °F)) og þerraðu með hreinum klút til að fjarlægja allar leifar af sótthreinsiefninu á:

- *Bolero*-lyftubaðvagninn
- alla fjarlægða hluta
- öll önnur svæði, eins og grindina

Af og til skal skola klútinn í rennandi vatni þegar sótthreinsiefni er fjarlægt. **(Sjá mynd 3)**

14 Ef ekki er hægt að fjarlægja sótthreinsiefnið skal úða vatni á svæðið og strjúktu af því með einnota handþurrkum. Endurtaktu þangað til að allt sótthreinsiefnið hefur verið fjarlægt.

15 Láttu alla hlutana þorna.

Leiðbeiningar með rafhlöðu

VIÐVÖRUN

Til að forðast líkamstjón, skal EKKI brjóta, gera gat á, opna, taka í sundur eða á annan hátt eiga við gerð rafhlöðunnar.

- **Ef hólkurinn utan um rafhlöðuna brotnar og ef innihald rafhlöðunnar kemst í snertingu við húð eða fatnað, skal skola umsvifalaust með miklu magni af vatni.**
- **Ef innihaldið kemst í snertingu við augu skal skola þau umsvifalaust með miklu vatni og leita læknis.**

Innöndun innihaldsins getur valdið ertingu í öndunarfærum. Færa skal viðkomandi undir ferskt loft og leita læknis.

- Gætið þess að missa ekki rafhlöðuna.
- Hafðu samband við viðkomandi yfirvöld vegna ráðlegginga um förgun rafhlaðna.
- Athugið merkingar á rafhlöðunni sjálfri.

Viðvörun um litla hleðslu á rafhlöðu

- Ef hlaða þarf rafhlöðuna heyrist suð þegar lyftan er virkjuð. Á þeim tíma verður nóg orka á rafhlöðunni til að ljúka næsta verki.

Geymsla rafhlöðu

- Rafhlaðan er hlaðin við afhendingu, en mælt er með því að rafhlaðan sé samt hlaðin við móttöku vegna hægrar afhleðslu hennar.
- Rafhlaðan afhleðst hægt við geymslu.
- Rafhlaða í geymslu og flutningi skal vera við hitastig á bilinu -0 °C til +30 °C (32 °F til 86 °F), kaldara hitastig framlengir endingartíma hennar.
- Til að ná sem mestum afköstum rafhlöðunnar, skal ekki geyma hana við hitastig yfir 50 °C (122 °F).

Uppsetning hleðslutækis

Sjá *NLB NDA-X200 hleðslutækis.*

Hvernig skipta skal um rafhlöðuna

Sjá *NLB NDA-X200 hleðslutækis.*

Viljandi skilið eftir autt

Umhirða og fyrirbyggjandi viðhald

Bolero-lyftubaðstóllinn getur orðið fyrir sliti og getur gengið úr sér. Grípa verður til eftirfarandi aðgerða þegar það á við til að tryggja að varan þjóni upphaflegu og ætluðu hlutverki sínu.

VIÐVÖRUN

Til að forðast bilanir sem geta valdið líkamstjóni, skal tryggja að framkvæma reglubundið eftirlit og fara eftir meðmæltri viðhaldsáætlun. Í sumum tilvikum, vegna mikillar notkunar og útsetningar gagnvart tærandi umhverfi, skal framkvæma eftirlit ennþá oftar. Staðbundnar reglugerðir og staðlar geta verið ennþá strangari en sú viðhaldsáætlun sem mælt er með hérna.

ATH.
Ekki er hægt að veita búnaðinum viðhald og þjónustu á meðan hann er í notkun hjá sjúklingi.


FYRIRBYGGJANDI VIÐHALD á Bolero-lyftubaðvagni

SKYLDUR UMÖNNUNARAÐILA Aðgerð/eftirlit	Daglega	Vikulega	Á tveggja ÁRA fresti
Sótthreinsa	X		
Gerðu sjónræna athugun á ytra byrði búnaðarins		X	
Gerðu sjónræna athugun á tengdum vélbúnaði		X	
Athugaðu handstýringu og snúru		X	
Athugaðu/hreinsaðu snúningshjól		X	
Athugaðu hemla		X	
Athugaðu dýnu/kodda		X	
S eftirlit með hleðslutæki og rafhlöðu		X	
Sjónrænt eftirlit með öryggisbeltum		X	
Athugaðu haldara hliðarstuðnings (fylgihlutur)		X	
Gerðu virkniprófun		X	
Skiptu um öryggisbelti			X


VIÐVÖRUN

Til að forðast líkamstjón á bæði sjúklingi og umönnunaraðila, aldrei breyta búnaðinum eða nota ósamrýmanlega íhluti.


Mynd 1




Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



Skyldur umönnunaraðila

Skyldur umönnunaraðila skulu framkvæmdar af starfsfólki með nægilega þekkingu á *Bolero* eftir leiðbeiningarnar í þessum *NLB*.

Daglega


- **Sótthreinsa.** *Bolero*-lyftubaðvagninn verður að sótthreinsa beint eftir sérhverja notkun. Arjo-sótthreinsiefni skulu notuð í ráðlögðum styrk eins og stendur á sótthreinsiflöskunni. Sjá kafla *Hreinsunar- og sótthreinsunarleiðbeiningar á bls. 21*.

Hver vika


- **Athugaðu sjónrænt ytra byrði búnaðarins,** sérstaklega þá staði sem sjúklingurinn eða umönnunaraðilinn eru í snertingu við. Passaðu að engar sprungur eða beittar brúnir hafi myndast sem geta valdið meiðslum á sjúklingnum eða notanda eða sem óhreinindi hafa komist í. Endurnýjaðu skemmda hluta.
- **Kannaðu áfastan búnað sjónrænt** með því að stíga fæti niður á grindina og draga sjúkrabörurnar upp með báðum höndum. Engin bil eru leyfð. Athugaðu að allar skrúfur séu hertar. Athugaðu að hlífin yfir stillihespu bakstuðningsins sé í góðu ástandi og tryggilega fest. Athugaðu höldugangverk bakstuðnings báðum megin. **(Sjá mynd 1)**
- **Athugaðu handstýringu og snúru:** Skoðaðu ástand handstýringarinnar og snúru hennar. **(Sjá mynd 2)**
- **Athugaðu að snúningshjólin** séu rétt fest og snúist hindrunarlaust. Þrífðu með vatni (sápa, hár, ryk og efni til gólfþvottar geta haft áhrif á virkni). **(Sjá mynd 3)**
- **Athugaðu hemlana** á snúningshjólunum og athugaðu hemlahandfang snúningshjólanna. Endurnýjaðu skemmda hluta.
- **Athugaðu dýnuna/koddann** til að ganga úr skugga um að það séu engar sprungur eða rifur sem hleypa vatni í ívafið. Ef slíkar skemmdir verða skal skipta um skemmda íhlutinn. **(Sjá mynd 4)**

Haltu áfram með skrefin á næstu síðu.


Mynd 5



Mynd 6



Mynd 7



- **Athugaðu ástand hleðslutækisins**, snúru þess og rafhlöðunnar. Fjarlægja skal og skipta strax um tæki ef það skemmist. **(Sjá mynd 5)**
- **Sjónrænt eftirlit með öryggisbeltinu:** Athugaðu allt beltið með tilliti til jaðartrosnunar, rifa, sprungna, gata, að ekki sjáist í neitt innra efni og að engar aðrar skemmdir séu sýnilegar. Ef vart verður við skurð eða skemmdir þarf að skipta um. **(Sjá mynd 6)**
- **Athugaðu virkni haldara hliðarstuðnings** (fylgihlutur) með því að toga haldarann til þín, þegar honum er sleppt mun haldarinn læsast tryggilega. **(Sjá mynd 7)**
- **Gerðu virkniprófun.**
  Prófaðu hreyfing upp/niður með því að ýta á upp-/niðurhnappinn.
  Prófaðu neyðar Hi/Lo-virkni.

Árlega

Bolero-lyftubaðvagninn verður að fá viðhald og þjónustu í samræmi við kaflann *Fyrirbyggjandi viðhald - sérhæft starfsfólk á bls. 29.*

Fyrirbyggjandi viðhald - sérhæft starfsfólk

VIÐVÖRUN

Til að forðast líkamstjón og/eða óöryggi í tækinu, verður að framkvæma viðhaldsaðgerðir með réttu millibilli, af hæfu starfsfólki, og nota verður réttu verkfærin, réttu varahlutina og þekkja verður til verkferla. Hæft starfsfólk verður að hafa lokið þjálfun og hafa skírteini upp á viðhald á þessu tæki.

SÉRHÆFT STARFSFÓLK Aðgerð/eftirlit	Á hverju ÁRI
Smyrðu innri ramma	X
Athugaðu rafhlöðu og hleðslutæki	X
Athugaðu olíustöðu (vökvakerfi)	X
Athugaðu ryð/skemmdir á öllum nauðsynlegum íhlutum	X
Gerðu heildræna virkniprófun	X
Athugaðu áfastan búnað	X
Athugaðu hvort nýjustu uppfærslur hafa verið settar upp	X
Athugaðu virkni neyðarstöðvunar	X
Framkvæmdu prófum um öruggt vinnuálag (SWL) (staðbundnar kröfur)	X
Skoðaðu snúningshjól	X
Athugaðu neyðar Hi/Lo-virkni	X
Athugaðu kvörðun vogar	X
Athugaðu rafhlöður fyrir vogina	X
Athugaðu virkni neyðarstöðvunar	X

ATH.
Athuga skal hvort umönnunaraðili hefur sinnt skyldum sínum þegar hæfur aðili framkvæmir þjónustu og eftirlit.

ATH.
Athuga skal alla gátstaði í töflunni *SKYLDUR UMÖNNUNARAÐILA Aðgerð/eftirlit á bls. 26* við framkvæmd á gátstöðum í töflunni *SÉRHÆFT STARFSFÓLK Aðgerð/eftirlit á bls. 29*.

Að leysa vandamál

VANDAMÁL	AÐGERÐ
Lyftan heldur áfram að hækka og lækka þegar handstýringarhnappnum hefur verið sleppt.	Virkjaðu rauða neyðarstöðvunarhnappinn og taktu rafhlöðuna út - fjarlægðu sjúklinginn úr lyftunni og hafðu samband við hæft starfsfólk.
Lyftan hækkar hvorki né lækkar þegar ýtt er á handstýringarhnappinn.	1 Passaðu að rafhlaðan sé fyllilega skorðuð í rafhlöðuhólfinu. 2 Gættu þess að tengi handstýringarinnar sé tryggilega skorðað í innstungunni. 3 Passaðu að rafhlaðan sé fullhlaðin. **VIÐVÖRUN** **Til að forðast líkamstjón, skal tryggja að sjúklingur sé aldrei eftirlitslaus.** 4 Notaðu neyðarlækkun til að lækka sjúklinginn. Fjarlægðu sjúklinginn úr lyftunni og hafðu samband við hæft starfsfólk.
Erfitt er að flytja lyftuna við flutning.	1 Passaðu að losað hafi verið um alla hemla. 2 Passaðu að öll snúningshjól snúist og hreyfist snurðulaust. - ef ekki skal fjarlægja sjúklinginn úr lyftunni og hafa samband við hæft starfsfólk.
Lyftan gefur frá sér óvenjuleg hljóð við lyftu eða flutning.	Fjarlægðu sjúklinginn úr lyftunni og hafðu samband við hæft starfsfólk.
Lyftan gefur frá sér stutt hljóðmerki á mínútufresti þegar hún er ekki í notkun.	Hafðu samband við sérhæft starfsfólk.
Aðeins er hægt að lækka lyftuna.	Lyftibúnaður þessa tækjabúnaðar er útbúinn með öryggisró. Ef öryggisróin verður virkjuð verður aðeins hægt að lækka búnaðinn í örugga stöðu. Ef þessar aðstæður koma upp skal hætta notkun á búnaðinum og hafa samband við hæft starfsfólk vegna viðgerða á búnaðinum.

Viljandi skilið eftir autt

Tæknilegar upplýsingar

Almennt	
Lyftugeta	136 kg (300 lbs)
Hámarksþyngd lyftu (lyfta + vog) *Bolero* Model CEB 6000 (vökvakerfi) *Bolero* Model CEB 60XX (rafkerfi) *Bolero* Model CEB 6100 (vökvakerfi, barnalækningar) *Bolero* Model CEB 61XX (rafkerfi, barnalækningar)	 69 kg (151 lbs) 78 kg (171 lbs) 68 kg (149 lbs) 76 kg (167 lbs)
Heildarhámarksþyngd lyftu (lyfta + sjúklingur) *Bolero* Model CEB 6000 (vökvakerfi) *Bolero* Model CEB 60XX (rafkerfi) *Bolero* Model CEB 6100 (vökvakerfi, barnalækningar) *Bolero* Model CEB 61XX (rafkerfi, barnalækningar)	 205 kg (451 lbs) 214 kg (471 lbs) 204 kg (449 lbs) 212 kg (467 lbs)
Sjúkrabúnaður	tegund
Aflgjafi	Rafhlöðunr. NDA 0100
Hleðslutæki	NDA 1200-EU, NDA 2200-GB, NDA 4200-US, NDA 6200-AU og NDA 8200-INT
Verndarflokkur	IP X4 IP: Vernd gegn aðgangi X: Vernd fyrir snertingu og aðgangi hluta er ekki skilgreind fyrir þessa vöru. 4: Vatnsgusur yfir vöruna úr hvaða átt sem er hafa ekki áhrif á öryggi eða grundvallarframmistöðu
Verndarflokkur handstýringar	IP X7 IP: Vernd gegn aðgangi X: Vernd fyrir snertingu og aðgangi hluta er ekki skilgreind fyrir þessa vöru. 7: Ídýfing um allt að 1 m á vörunni hefur ekki áhrif á öryggi eða grundvallarframmistöðu
Bræðivar	F1 F10AL 250 V
Einangrunarflokkur	Búnaður í flokki II
Hljóðstyrkur	62 dB
Vinnuhamur	ED hámark 10%; Hámark 1 mínúta KVEIKT; Lágmark 9 mínútur SLÖKKT
Virkniöfl: Hnappar Neyðarstöðvun Hemlar Stangir	 <5 N 20 N 105 N 70 N
Eldvarnarstig	Í samræmi við staðalinn EN/ISO 60601-1

Þyngd íhluta	
Rafhlaða	4,4 kg (9,7 lbs)
Vog (bættu þyngd við þyngd *Bolero*-lyftubaðvagnsins)	9,5 kg (21 lbs)

Leyfðar samsetningar	
Bolero-lyftubaðvagninn er samþættanlegur við eftirfarandi vörur Arjo:	*System2000 Rhapsody, System 2000 Primo, System2000 PrimoFerro.*
Bolero er samþættanlegur við almenn sjúkrahúsrúm:	með lágmarksbil á milli rúms og gólfs upp á 150 mm
Engar aðrar samsetningar eru leyfilegar	

Flutningur, geymsla og notkun (á við allar gerðir Bolero fyrir utan hleðslutækin)	
Umhverfishitastig	-20 °C til +70 °C (-4° F til +158 °F) við flutning -20 °C til +70 °C (-4° F til +158 °F) við geymslu +10 °C til +40 °C (+50 °F til +104 °F) við notkun
Afstætt rakastig	10% - 80% flutningur og geymsla 15% - 100% við notkun
Loftþrýstingur	500 - 1100 hPa við flutning 500 - 1100 hPa við geymslu 800 - 1060 hPa við notkun

Umhverfi	
Mengunarstig	2

Endurvinnsla	
Umbúðir	Viður og bylgjupappi, endurvinnanlegt


Förgun við lok líftíma


- Endurvinna verður allar rafhlöður í vörunni sérstaklega. Rafhlöðum á að farga í samræmi við staðbundnar eða innlendar reglugerðir.
- Öryggisól, að meðtöldum stoðböndum/jafnvægisbúnaði, tróð og önnur textílefni eða efni úr fjölliðum eða plasti, o.s.frv., ætti að flokka sem brennanlegan úrgang.
- Lyftikerfi með rafmagns- og rafeindaíhlutum eða rafmagnssnúru ætti að taka í sundur og endurvinna sem raf- og rafeindabúnaðarúrgang (WEEE) eða í samræmi við staðbundnar eða innlendar reglugerðir.
- Íhluti sem aðallega eru samansettir úr mismunandi tegundum málma (innihalda málm í yfir 90% af þyngd), til dæmis öryggisólaslár, teina, uppréttar stoðir, o.s.frv., ætti að endurvinna sem málm.


Mál

Vökvakerfi

mm (tommur)
A lágmark 515 (20 1/4") veitir **B** lágmark 1150 (45 1/4")
A hámark 1015 (40") veitir **B** hámark 1650 (65")
Slag: 500 (19 5/8")










Rafkerfi

mm (tommur)
A lágmark 515 (20 1/4") veitir **B** lágmark 1165 (45 7/8")
A hámark 1080 (42 1/2") veitir **B** hámark 1730 (68 1/8")
Slag: 565 (22 1/4")










Vökvakerfi til barnalækninga

mm (tommur)
A lágmark 515 (20 1/4") veitir **B** lágmark 1150 (45 1/4")
A hámark 1015 (40") veitir **B** hámark 1650 (65")
Slag: 500 (19 5/8”)










Rafkerfi til barnalækninga

mm (tommur)
A lágmark 515 (20 1/4") veitir **B** lágmark 1165 (45 7/8")
A hámark 1080 (42 1/2") veitir **B** hámark 1730 (68 1/8")
Slag: 565 (22 1/4")









Merkimiðar


Skýring merkimiða

Athyglismerki	Mikilvægar notandaupplýsingar fyrir rétta notkun.
Rafhlöðumiði	Tilgreinir öryggis- og umhverfisupplýsingar fyrir rafhlöðuna.
Upplýsingamiði	Tilgreinir tæknileg afköst og kröfur, t.d. inntaksafl, inntaksspennu og hámarksþyngd sjúklings, o.s.frv.
Auðkennismiði	Tilgreinir auðkenni vöru, raðnúmer og ár og mánuð framleiðslu.

Skýring tákns

	Tegund B, notaður hlutur: vernd fyrir raflosti í samræmi við IEC 60601-1.
SWL	Öruggt vinnuálag (SWL)
	Heildarmassi búnaðarins, þ.m.t. öruggt vinnuálag (SWL).
	Lyftuslag
24V DC	Afhendingarspenna
MAX: 150 VA	Hámarksafl
	Bræðivar F1 F10AL 250 V
IP X4	Verndarstig (þ.e. varan er varin fyrir því að vatn skvettist)
1 min on/ 9 min off	Vinnuhamur fyrir Hi/Lo-virkni: Lágmark 1 mínúta KVEIKT; Lágmark 9 mínútur SLÖKKT
NDA0100-XX	Vörunr. rafhlöðu
	Búnaðurinn gengur fyrir rafhlöðu.
	Aðskildir rafmagns- og raftækjaíhlutir til endurvinnslu í samræmi við Evróputilskipun 2012/19/EU (WEEE)

	Lestu *NLB* fyrir notkun.
	Umhverfisleg hætta-inniheldur blý. Ekki fleygja.
	Endurvinnanlegt
CE 2797	CE-merki gefur til kynna samræmi við samhæfða löggjöf Evrópubandalagsins Tölur gefa til kynna eftirlit tilkynnts aðila.
MD	Gefur til kynna að varan sé lækningatæki samkvæmt reglugerð ESB um lækningatæki 2017/745.
	Viðurkennt af Underwriters Laboratories Inc. með tilliti til raflosts, elds, vélbúnaðarhættu og annarrar tilgreindrar hættu aðeins samkvæmt samþykktum og lista yfir staðla.
	Nafn og heimilisfang framleiðanda
	Dags. framleiðslu



Listi yfir staðla og vottorð

STAÐALL/VOTTUN	LÝSING
EN/IEC 60601-1:2005 AMD1:2012	Rafmagnstæki sem notað er í lækningaskyni - Hluti 1: Almennar kröfur um grundvallaröryggi og nauðsynlega frammistöðu
ANSI/AAMI ES60601-1 (2005) AMD 1 (2012)	Rafmagnstæki sem notað er í lækningaskyni - Hluti 1: Almennar kröfur um grundvallaröryggi og nauðsynlega frammistöðu
CAN/CSA-C22.2 No. 60601-1:14	Rafmagnstæki sem notað er í lækningaskyni - Hluti 1: Almennar kröfur um grundvallaröryggi og nauðsynlega frammistöðu
ISO 10535:2006	Lyftitæki til að flytja fatlað fólk -- Kröfur og prófunaraðferðir

Rafsegulsviðssamhæfi (EMC)

Varan hefur verið prófuð fyrir samkvæmni við gildandi eftirlitsstaðla í tengslum við getu hennar til að stöðva EMI (rafsegultruflanir) frá ytri uppsprettum.

Sum verkferli geta dregið úr rafsegultruflunum:

- Notaðu aðeins Arjo-snúrur og -varahluti til að forðast aukna losun eða minnkað ónæmi sem getur stefnt réttri virkni búnaðarins í hættu.
- Gakktu úr skugga um að önnur tæki á sjúkralegu- og/eða gjörgæslusvæðum fylgi viðurkenndum losunarstöðlum.

VIÐVÖRUN

Þráðlaus samskiptabúnaður, eins og þráðlaus nettæki, farsímar, snúrulausir símar og grunnstöðvar þeirra, talstöðvar, o.s.frv., geta haft áhrif á þennan búnað og ætti að halda í að minnsta kosti 1,5 m fjarlægð frá búnaðinum.

Tilætlað umhverfi: Umhverfi faglærðs heilbrigðisstarfsfólks

Undantekningar: Hátíðniskurðlækningabúnaður og útvarpsbylgjuvarið herbergi ME-KERFIS fyrir segulómun

VIÐVÖRUN

Forðast skal notkun á þessum búnaði nærri eða staflað með öðrum búnaði þar sem slíkt getur valdið rangri virkni. Ef slík notkun er nauðsynleg skal fylgjast með þessum búnaði og hinum búnaðinum til að sannprófa að allt starfi eðlilega.


Leiðbeiningar og yfirlýsing framleiðanda - losun rafsegulsviðsbylgna		
Geislunarpróf	**Samkvæmni**	**Leiðbeiningar**
Fjarskiptatíðnilosun CISPR 11	Hópur 1	Búnaðurinn notar fjarskiptatíðniorku einungis fyrir innri virkni sína. Þess vegna er losun tækisins á útvarpsbylgjum mjög lág, og hún er ekki líkleg til að valda truflunum á rafmagnstækjum í nágrenninu.
Fjarskiptatíðnilosun CISPR 11	Flokkur B	Búnaðurinn hentar til notkunar á öllum stofnunum, þar með töldum heimilisstofnunum og þeim sem eru tengdar beint við opinbera lágspennukerfið fyrir rafmagn, sem miðlar rafmagni til bygginga sem eru notaðar sem heimili.

Leiðbeiningar og yfirlýsing framleiðanda - rafsegulsviðsónæmi			
Rafsegulsviðs ónæmispróf	**IEC 60601-1-2 prófunarstig**	**Samkvæmnistig**	**Rafsegulsviðsumhverfi – leiðbeiningar**
Rafsegulsviðsafhleðsla (ESD) EN 61000-4-2	±2kV, ±4kV, ±8kV, ±15kV loft ±8kV snerting	±2kV, ±4kV, ±8kV, ±15kV loft ±8kV snerting	Gólf ættu að vera úr viði, steypu eða keramikflísum. Ef gólf eru þakin með gerviefni, ætti rakastig að vera a.m.k. 30%.
Framkvæmdar truflanir af völdum fjarskiptatíðnisviða EN 61000-4-6	3V í 0,15 MHz til 80 MHz 6V í ISM og áhugamannaradíóstöðva á milli 0,15 MHz og 80 MHz 80% AM við 1 kHz	3V í 0,15 MHz til 80 MHz 6V í ISM og áhugamannaradíóstöðva á milli 0,15 MHz og 80 MHz 80% AM við 1 kHz	Flytjanlegan fjarskiptabúnað ætti ekki að nota nærri neinum hluta vörunnar, þar með talið snúrum, en 1,0 m ef gildi aflúttaks senda fer yfir 1W[a]. Sviðsstyrkur frá föstum raftíðnisendum, samkvæmt rafsegulsviðsúttekt á staðnum, skal vera lægra en samkvæmnisstigið á hverju tíðnisviði[b]. Truflun getur átt sér stað í nágrenni við tækjabúnað sem er merktur með þessu merki: ((•))
Geislað rafsegulsvið EN 61000-4-3	Umhverfi faglegrar heilsugæslu 3 V/m 80 MHz til 2,7 GHz 80% AM við 1 kHz	Umhverfi faglegrar heilsugæslu 3 V/m 80 MHz til 2,7 GHz 80% AM við 1 kHz	
Nándarsvið frá fjarskiptabúnaði EN 61000-4-3	385 MHz - 27 V/m 450 MHz - 28 V/m 710, 745, 780 MHz - 9V/m 810, 870, 930 MHz - 28 V/m 1720, 1845, 1970, 2450 MHz - 28 V/m 5240,5500, 5785 MHz - 9V/m	385 MHz - 27 V/m 450 MHz - 28 V/m 710, 745, 780 MHz - 9V/m 810, 870, 930 MHz - 28 V/m 1720, 1845, 1970, 2450 MHz - 28 V/m 5240,5500, 5785 MHz - 9V/m	
Rafmagns hraður skammvinn/ sprengi EN 61000-4-4	±1kV SIP/SOP-innstungur 100 kHz endurtekningartíðni	±1kV SIP/SOP-innstungur 100 kHz endurtekningartíðni	
Segulsvið rafmagnstíðni EN 61000-4-8	30 A/m 50 Hz eða 60 Hz	30 A/m 50 Hz	Segulsvið sem skapast af tíðni aflgjafa skal vera við þau mörk sem eru dæmigerð fyrir hefðbundna staðsetningu í dæmigerðu viðskipta- eða sjúkrahúsumhverfi.


[a] Sviðsstyrk frá staðbundnum raftíðnisendum eins og grunnstöðvum fyrir fjarskiptasíma (farsíma/þráðlausa síma) og fjarskiptatækjum á landi, áhugamannafjarskiptatækjum, AM og FM útvarpssendingum og sjónvarpssendingum er fræðilega ekki hægt að meta af nákvæmni. Til að meta rafsegulsviðsumhverfi vegna staðbundinna raftíðnisenda, ætti að athuga mælingu á raftíðni á svæðinu. Ef sviðsstyrkur á staðnum þar sem varan er notuð fer yfir viðeigandi samkvæmnistig raftíðni hér að ofan, ætti að skoða vöruna til að sannprófa eðlilega virkni. Ef óvenjuleg frammistaða er merkt, getur þurft að grípa til ráðstafana.

[b] Á tíðnisviðinu 150 kHz til 80 MHz ætti sviðsstyrkur að vera lægri en 1 V/m.


Varahlutir og fylgihlutir




Hliðarstuðningur
CEA1000-03




Rafhlaða og hleðslutæki
24 V



Vog
CFA1000-03-F



Hafðu samband við
næsta umboðsaðila Arjo
vegna sótthreinsiefnis



Öryggisbelti
CEA1400-01

AUSTRALIA
Arjo Australia
Building B, Level 3
11 Talavera Road
Macquarie Park, NSW, 2113,
Australia
Phone: 1800 072 040

BELGIQUE / BELGIË
Arjo Belgium nv
Evenbroekveld 16
9420 Erpe-Mere
Belgium
T: +32 (0) 53 60 73 80
F: +32 (0) 53 60 73 81
E-mail: info.belgium@arjo.com

BRASIL
Arjo Brasil Equipamentos Médicos Ltda
Rua Marina Ciufuli Zanfelice, 329 PB02 Galpão - Lapa
São Paulo – SP – Brasil
CEP: 05040-000
Phone: 55-11-3588-5088
E-mail: vendas.latam@arjo.com
E-mail: servicios.latam@arjo.com

CANADA
Arjo Canada Inc.
90 Matheson Boulevard West
Suite 300
CA-MISSISSAUGA, ON, L5R 3R3
Tel/Tél: +1 905 238 7880
Free: +1 800 665 4831 Institutional
Free: +1 800 868 0441 Home Care
Fax: +1 905 238 7881
E-mail: info.canada@arjo.com

ČESKÁ REPUBLIKA
Arjo Czech Republic s.r.o.
Na Strzi 1702/65
140 00 Praha
Czech Republic
Phone No: +420225092307
e-mail: info.cz@arjo.com

DANMARK
Arjo A/S
Vassingerødvej 52
DK-3540 LYNGE
Tel: +45 49 13 84 86
Fax: +45 49 13 84 87
E-mail:
dk_kundeservice@arjo.com

DEUTSCHLAND
Arjo GmbH
Peter-Sander-Strasse 10
DE-55252 MAINZ-KASTEL
Tel: +49 (0) 6134 186 0
Fax: +49 (0) 6134 186 160
E-mail: info-de@arjo.com

ESPAÑA
Arjo Ibérica S.L.
Parque Empresarial Rivas Futura, C/Marie Curie 5
Edificio Alfa Planta 6 oficina 6.1-.62
ES-28521 Rivas Vacia, MADRID
Tel: +34 93 583 11 20
Fax: +34 93 583 11 22
E-mail: info.es@arjo.com

FRANCE
Arjo SAS
2 Avenue Alcide de Gasperi
CS 70133
FR-59436 RONCQ CEDEX
Tél: +33 (0) 3 20 28 13 13
Fax: +33 (0) 3 20 28 13 14
E-mail: info.france@arjo.com

HONG KONG
Arjo Hong Kong Limited
Room 411-414, 4/F, Manhattan Centre,
8 Kwai Cheong Road, Kwai Chung, N.T.,
HONG KONG
Tel: +852 2960 7600
Fax: +852 2960 1711

ITALIA
Arjo Italia S.p.A.
Via Giacomo Peroni 400-402
IT-00131 ROMA
Tel: +39 (0) 6 87426211
Fax: +39 (0) 6 87426222
E-mail: Italy.promo@arjo.com

MIDDLE EAST
Arjo Middle East FZ-LLC
Office 908, 9th Floor,
HQ Building,North Tower,
Dubai Science Park,
Al Barsha South
P.O Box 11488, Dubai,
United Arab Emirates
Direct +971 487 48053
Fax +971 487 48072
Email: Info.ME@arjo.com

NEDERLAND
Arjo BV
Biezenwei 21
4004 MB TIEL
Postbus 6116
4000 HC TIEL
Tel: +31 (0) 344 64 08 00
Fax: +31 (0) 344 64 08 85
E-mail: info.nl@arjo.com

NEW ZEALAND
Arjo Ltd
34 Vestey Drive
Mount Wellington
NZ-AUCKLAND 1060
Tel: +64 (0) 9 573 5344
Free Call: 0800 000 151
Fax: +64 (0) 9 573 5384
E-mail: nz.info@Arjo.com

NORGE
Arjo Norway AS
Olaf Helsets vei 5
N-0694 OSLO
Tel: +47 22 08 00 50
Faks: +47 22 08 00 51
E-mail: no.kundeservice@arjo.com

ÖSTERREICH
Arjo GmbH
Lemböckgasse 49 / Stiege A / 4.OG
A-1230 Wien
Tel: +43 1 8 66 56
Fax: +43 1 866 56 7000

POLSKA
Arjo Polska Sp. z o.o.
ul. Ks Piotra Wawrzyniaka 2
PL-62-052 KOMORNIKI (Poznań)
Tel: +48 61 662 15 50
Fax: +48 61 662 15 90
E-mail: arjo@arjo.com

PORTUGAL
Arjo em Portugal
MAQUET Portugal, Lda.
(Distribudor Exclusivo)
Rua Poeta Bocage n.º 2 - 2G
PT-1600-233 Lisboa
Tel: +351 214 189 815
Fax: +351 214 177 413
E-mail: Portugal@arjo.com

SUISSE / SCHWEIZ
Arjo AG
Fabrikstrasse 8
Postfach
CH-4614 HÄGENDORF
Tél/Tel: +41 (0) 61 337 97 77
Fax: +41 (0) 61 311 97 42

SUOMI
Arjo Scandinavia AB
Riihitontuntie 7 C
02200 Espoo
Finland
Puh: +358 9 6824 1260
E-mail: Asiakaspalvelu.finland@arjo.com

SVERIGE
Arjo International HQ
Hans Michelsensgatan 10
SE-211 20 MALMÖ
Tel: +46 (0) 10 494 7760
Fax: +46 (0) 10 494 7761
E-mail: kundservice@arjo.com

UNITED KINGDOM
Arjo UK and Ireland
Houghton Hall Park
Houghton Regis
UK-DUNSTABLE LU5 5XF
Tel: +44 (0) 1582 745 700
Fax: +44 (0) 1582 745 745
E-mail: sales.admin@arjo.com

USA
Arjo Inc.
2349 W Lake Street Suite 250
US-Addison, IL 60101
Tel: +1 630 307 2756
Free: +1 80 0 323 1245 Institutional
Free: +1 800 868 0441 Home Care
Fax: +1 630 307 6195
E-mail: us.info@arjo.com

JAPAN
Arjo Japan K.K.
東京都港区虎ノ門三丁目7番8号　ランディック第2虎ノ門ビル9階
電話：+81 (0)3-6435-6401

Address page - REV 25: 01/2020

www.arjo.com

At Arjo, we are committed to improving the everyday lives of people affected by reduced mobility and age-related health challenges. With products and solutions that ensure ergonomic patient handling, personal hygiene, disinfection, diagnostics, and the effective prevention of pressure ulcers and venous thromboembolism, we help professionals across care environments to continually raise the standard of safe and dignified care. Everything we do, we do with people in mind.

ArjoHuntleigh AB
Hans Michelsensgatan 10
211 20 Malmö, Sweden
www.arjo.com

arjo

CE
2797